

Steinunn Kristjánsdóttir
Vala Gunnarsdóttir
Helga Jónsdóttir

Kortlagning klaustra á Íslandi

Munkaþverá



Reykjavík 2015

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
MUNKAPVERÁ	3
FJARKANNANIR	6
KÖNNUNARSKURÐIR	7
NÍÐURSTÖÐUR	11
HEIMILDASKRÁ	12
VIÐAUKAR	13
1. FUNDASKRÁ	13
2. JARÐLAGASKRÁR.....	16
3. TEIKNINGAR	18
4. LJÓSMYNDASKRÁ	25
5. KORT AF MIÐALDAKLAUSTRUNUM	39

© Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2015
Kortlagning klaustra á Íslandi: Munkapverá
Vettvangsskýrsla X

Reykjavík: höfundar

Forsíðumyndin: Unnið við jarðsjármælingar á Munkapverá vorið 2015 (ljósm. Steinunn Kristjánsdóttir).

Inngangur

Sumarið 2013 hófst vinna við fornleifarannsókn sem miðar að því að skrá minjar um klaustrin fjórtán sem rekin voru á Íslandi á kaþólskum tíma (1000–1550). Ætlunin er að greina ástæður stofnunar hvers klausturs fyrir sig, kanna rekstrargrundvöll þeirra og sögu en ekki síst að finna nýjar vísbendingar um gerð þeirra, hlutverk og innra starf með aðferðum fornleifafræðinnar. Stóra markmiðið er síðan að skoða áhrif klaustranna og umsvif í íslensku miðaldasamfélagi. Rannsóknin er gerð fyrir fjárframlög frá Rannsóknasjóði Íslands og Rannsóknasjóði HÍ.

Farnar voru tvær vettvangferðir á Munkaþverá í Eyjafirði, þar sem eitt af klaustrunum fjórtán stóð, dagana 10. –12. maí og 24. – 26. júní. Í maí voru gerðar fjarkannanir með viðnáms- og segulmælum á staðnum. Í þeirri ferð voru starfsmenn 8 talsins auk Steinunnar Kristjánsdóttur verkefnisstjóra. Mark Graham sá um viðnámsmælingar og Frank Giecco sá um segulmælingar. Að auki voru aðstoðarmenn þeirra þau Jennifer Grayburn, Joanne Stamper, Lynda Howard, Ian Thomson og Mick Fairfield. Dagana 9.–11. júní voru starfsmennirnir þrír auk Steinunnar, það voru Hermann Jakob Hjartarson, Helga Jónsdóttir og Scott Riddel. Þau sáu um töku könnunarskurða, ljósmyndun, skráningu og frágang gagna. Allir starfsmennirnir eru fornleifafræðingar en að auki er Scott Riddel doktorsnemi í umhverfisfræði. Í skýrslunni er fjallað um fyrstu niðurstöður þessarar könnunar. Vísað er til skýrslna um niðurstöður sértækra greininga til frekari upplýsinga.

Höfundar vilja þakka landeiganda, Aðalheiði Guðmundsóttur, og sonum hennar, Vilhjálmi og Jóni, fyrir veitta aðstoð og leiðbeiningar um það hvar væri helst að leita fornleifa frá klausturtíma á Munkaþverá. Þá er formanni sóknarnefndar, Reynir Björgvinsson, þakkað fyrir mikilvægar upplýsingar sem hann veitti leitarfólki á Munkaþverá, og Kristjáni Þorvaldssyni hjá Garðverki á Akureyri sömuleiðis þakkað fyrir vandaða gröfuvinnu.

Munkaþverá

Klaustrið að Munkaþverá var stofnað árið 1155 af Birni Gilssyni biskupi á Hólum. Það var munkaklaustur af Benediktsreglu og rekið allt til siðaskipta árið 1551 (Janus Jónsson, 1989, bls. 200 og 212). Ekki er vitað hvenær kirkja var fyrst reist á staðnum en vísbendingar eru um að Einar Þveræingur, afkomandi Helga magra og bróðir Guðmundar Eyjólfssonar ríka á Möðruvöllum, hafi reist fyrstu kirkjuna á Þverá (Ljósvetningasaga, 12. kafli).


Nákvæm staðsetning miðaldaklaustursins er ekki að fullu þekkt en munnmæli eru um að klausturhúsin hafi staðið sunnan við núverandi kirkju og að þau hafi verið tengd við hana með

jarðgöngum. Oft hefur verið komið niður á hleðslur þegar grafir voru teknar sunnan kirkju. Eins hefur ítrekað verið komið ofan á brunalag þar í jörðu en árið 1429 brann kirkjan og klaustrið allt að Munkaþverá (Íslandske Annaler, bls. 295). Ekki er hins vegar vitað hvort að tvær kirkjur hafi verið á staðnum á klausturtíma, þ.e. sér kirkja fyrir klaustrið og önnur fyrir almenning. Ekki er heldur vitað fyrir víst hvort að kirkjan hafi alltaf staðið á sama stað en almennt er talið að svo hafi verið (Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson 1996, bls. 68). Þegar stéttin sunnan við kirkjuna var gerð var komið niður á bogadregna hleðslu, sem talin var garðhleðsla, skammt frá kirkjuhorninu, en þetta gæti bent til þess að kirkjan hafi færst til vesturs í tímans rás (Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson 1996, bls. 69). Kirkjan virðist samsé hafa staðið á svipuðum stað og nú er, allavega frá 15. öld en í kirkjugarðinum hafa fundist áletraðir legsteinar í jörðu sem hafa verið aldursgreindir til þess tíma (Einar Bjarnason 1972 og Þórgunnur Snædal 2003).

Fátt kemur beinlínis fram í ritheimildum um hús klaustursins á Munkaþverá fyrir og eftir brunann árið 1429. Skróðhús kemur þó þrívegis við sögu í bréfum sem varðveitt eru í fornbréfsafni. Árið 1467 er próventusamningur undirritaður þar og reikningar Einarstaðakirkju afhentir við annað tilfelli (Íslenskt fornbréfasafn V, bls. 449, 471). Í þriðja skiptið er gengið frá greiðslu jarðar upp í sekt árið 1478 (Íslenskt fornbréfasafn VI, bls. 158). Sama ár er svo ábótastofa nefnd í tengslum við jarðargjöf (Íslenskt fornbréfasafn VI, bls. 162). Í próventusamningi hjóna frá árinu 1489 er þess getið að maðurinn megi byggja sér smiðju en að konan eigi að sauma eitt klæði á ári á meðan hún hafi heilsu til. Maðurinn fær frí í einn mánuð á ári til að sinna eigin smíðum (Íslenskt fornbréfasafn VI, bls. 684–685). Ekki kemur hins vegar fram hvort smiðjan tilheyri klaustrinu eða bænum.

Næst koma hús á Munkaþverá við sögu árið 1567, 16 árum eftir að klaustrinu var lokað. Þá fær próventukona, Agnes Jónsdóttir að búa í því og hafa til umráða þar þau fjögur herbergi sem henni hafði áður verið afhent og eldivið fyrir baðstofu sína (Íslenskt fornbréfasafn XV, bls. 27–28). Ekki er tilgreint að öðru leyti hvaða herbergi þetta eru eða hvar þau standa. Ekki fer sögum af klausturhúsum á Munkaþverá fyrr en í lok 17. aldar. Í úttekt staðarins árið 1721 segir: „1. Hús gegnt bæjardyrum (kallað klaustur) í fimm stuttum stafgólfum...“ (Þjskjs. Skjs. umboðanna. Munkaþverárklaustur IX). Aðrar úttektir geta einnig þessa húss með svipuðum hætti og í úttektinni 1721 er húsið sagt nýuppgert (Guðrún Harðardóttir 1998, bls. 24). Í bréfi til rentukammersins árið 1736 er þó er verið að velta vöngum yfir því hvað eigi að gera við húsin. Þar segir „de med Klöstergaarden staaende gamle Catholische Munke-huse, hvilke skal være mere til byrde end tieniste (Margrét Hallgrímsdóttir 1991, bls. 98).

Árið 1772 varð þetta klausturhús á Munkaþverá eldi að bráð. Í Húnvetnskum annál (1753–1776) segir að þrjú hús hafi brunnið en að eldurinn hafi ekki skaðað staðinn eða kirkjuna (Annálar 1400–1800 IV, 423, 625). Í Íslands árbók (1740–1781) er brunanum einnig lýst: „Í Novembri kom upp eldur um nótt í smiðjuhúsi á Munka-þverárklaustri, hvar við og brann þar hjá standandi so kallað klausturhús, [sem var vænt útihús,] alþiljuð 5 stafgólf með lofti á bitum með mörgu fémætu þar inni“ (Annálar 1400–1800V, bls. 73). Fleiri annálar minnst á þennan mikla bruna og var ein áhugaverð frásögn um hann birt í Djáknaannál (1731–1794). Þar segir að eldurinn hafi komið upp „í smiðju á Munkaþverá í því húsporpi, sem munkarnir héldu sig í áður og var kallað klaustur, með 2ur kapítulum. Eitt húsið var 5 stafgólf, 9 álna hátt með lofti yfir og þiljað í hvolf og gólf, hvar inni voru klæði, sængurföt, borðbúnaður og fleira lögmanns Sveins Sölvasonar“ (Annálar 1400–1800 VI, bls. 174). Þetta hús hefur því verið rúmir 5 metrar á hæð og því allreisulegt og e.t.v. portbyggt (Guðrún Harðardóttir 1998, bls. 26).



Mynd 1: af staðarhúsum og kirkju á Munkaþverá, gerður 1874 af Jakobi J. Jónssyni, trésmið frá Munkaþverá. Uppdrátturinn er ekki teiknaður í allveg réttum hlutföllum (í eigu Þjóðminjasafns Íslands).


Ef þessi klausturhús voru í raun gömlu hús miðaldarklaustursins þá hafa menn viðhaldið og endurbyggt húsin í 221 ár frá því að klaustrinu var lokað. Próventukonan Agnes bjó jú þar eftir lokunina en mögulegt er vissulega að hús hafi eingöngu dregið nafn sitt af klausturstaðnum en þekkt er að gömlu klausturstaðirnir hafi borið nöfn sín lengi eftir að

klausturhaldi lauk á þeim. Klausturhaldarar voru einnig á stöðunum löngu eftir að hin kaþólsku klaustur voru horfin.

Árið 1874 var gerður merkilegur uppdráttur á Munkaþverá um 100 árum eftir að bruninn mikli varð. Á uppdrættinum sést hvar bæjarhúsin og núverandi kirkja stóðu fyrrum en kirkjan var byggð árið 1844 (mynd 1). Þar er enn fremur teiknaður svokallaður Kapituli. Það hús var hins vegar ekki uppistandandi þegar kortið var gert, því teiknarinn, Jakob J. Jónsson, setti hann „þarna eins og menn sögðu mér að hann hafi staðið“ (Jakob J. Jónsson 1874). Virðist sem að það hús hafi verið byggt eftir brunann á Munkaþverá en hússins er fyrst getið í úttekjum seint á 18. öld. Uppdrátturinn sýnir einnig staðsetningu jarðganganna sem samkvæmt munnmælum áttu að hafa tengt saman klausturhús og kirkju.

Fjarkannanir

Dagana 10.–12. maí voru gerðar segul- og viðnámsmælingar á Munkaþverá af breska fyrirtækinu Grampus, Heritage & Training Limited. Voru þá þrjú svæði mæld. Fyrst var svæðið sunnan við kirkjuna var mælt (Area 1 á mynd 2).



Mynd 2: Svæðin sem voru mæld með segul- og viðnámsmælum. Niðurstöður segulmælingar (© Grampus Heritage & Training Ltd).

Þá var Jórsalahóll mældur en þar er stór, aflöng rúst sjáanleg á yfirborði (Area 2 á mynd 2). Ákveðið var að mæla þar nafnsins vegna (Jerusalem) en fyrsti ábóti klaustursins fór sem

þekkt er í pílgrímsferð til Jórsala og skrifaði um hana bók. Að síðustu var svæðið suð-austan við bæinn mælt eftir ábendingum frá ábúendum á Munkaþverá um að þar hefðu oftast en einu sinni komið upp mannabein (Area 3 á mynd 2).

Á svæðinu sunnan við kirkju komu í ljós mögulegar hleðslur (area 1). Á Jórsalahól (area 2) sást ekkert í mælunum umfram þær rústir sem sjást á yfirborði en þær eru af hesthúsi. Ekki er líklegt að þar séu leifar klaustursins og er nafnið Jórsalahóll ef til vill tilkomið vegna orðaleiks, þ.e. að Jór merki hestur en ekki Jerúsalem. Á svæðinu suðaustan við bæinn (area 3) kom hins vegar í ljós rask í jörðu. Niðurstaðan var því sú að grafa könnunarskurði sunnan við kirkju og suðaustan við bæjarhúsin.

Könnunarskurðir

Dagana 24. – 26. júní voru teknir fimm könnunarskurðir á Munkaþverá (sjá staðsetningu þeirra á mynd 3). Könnunarskurður 1 var tekinn í gegnum malarveg sem liggur á milli kirkjugarðs og lítils minningargarðs um Jón Arason. Var fengin grafa til þess að fjarlægja efstu lögin. Skurðurinn sem var 1 x 2 metrar að stærð lá samsíða kirkjugarðinum og snéri í A-V. Grafnir voru 50 cm niður með vélgröfunni og var þá komið ofan á gjóskulag. Þar undir var steinhleðsla og torf. Í því lagi fannst leðurskósóli. Steinhleðslan lá í N-S. Í N-A horni skurðarins kom svo í ljós þykkt brunalag (sjá teikningu í viðauka þessarar skýrslu). Undir brunalaginu var mjög lagskipt móöskublandað lag sem minnti einna helst á gólflag. Þá tók við dökkt gjóskulag *in situ* sem hefur verið greint af Magnúsi Sigurgeirssyni jarðfræðingi og telur hann það vera úr gosinu í Veiðivötnum árið 1477 (Magnús Sigurgeirsson 2015, bls. 4–5). Undir þessu gjóskulagi var raskaður torfblandinn jarðvegur og mannvist.

Við vettvangsvinnuna voru taldar líkur á að þarna væru komnar í ljós brunarústir klaustursins en það brann sem áður segir árið 1429. Gjóskulagið staðfestir hins vegar að þetta brunalag er yngra, þ.e. úr bruna sem verður eftir gosið í Veiðivötnum árið 1477. Það sýnir einnig að engin bygging stóð á þessum stað á þeim tíma er gjóskan féll vegna þess að gjóskan er óröskuð. Þá fannst skreyttur krítarpípuleggur undir brunalaginu og bendir það til þess að húsið hafi verið í notkun eftir miðja 17. öld. Líklega var þarna komið niður á leifar bæjarhúsanna sem brunnu árið 1772. Yfir neðra torflaginu í skurðinum liggur ljóst gjóskulag að því er virðist óslitið *in situ* (sjá teikningu T_2015-21-6 í viðauka 3). Það hefur verið greint sem súr Heklugjóska og er því að öllum líkindum úr Heklugosinu 1104 (Magnús Sigurgeirsson 2015, bls. 4–5). Torfið sem er þar undir tilheyrir því landnámstíma.

Könnunarskurður 2 var tekinn á svæði sunnan við minnismerki Jóns Arasonar biskups. Skurðurinn lá í N-S og var hann 1 x 3 metrar að stærð. Var ákveðið að taka skurð þar til þess að athuga hvort að byggingin í könnunarskurði 1 hefði náð svo langt í suðurátt frá kirkjugarðinum. Grafið var í gegnum efstu lögin með gröfu. Komið var niður á torf og steinhleðslu á um 55 cm dýpi og virtist hún liggja í A-V. Önnur steinaröð kom síðan í ljós undir steinhleðslunni í norður hluta skurðsins þ.e. nær minnismerkinu. Í þessum efri vegg fundust rauðleirsbrot, brýni, gjall, dýrabein og hvítleirsbrot. Í hinum enda skurðarins var komið niður á steypa affallsrennu frá miðri 20. öld.



Mynd 3: Staðsetning könnunarskurða á Munkaþverá (kort: Vala Gunnarsdóttir).

Undir þessum hleðslum sást dökka gjóskulagið greinilega *in situ*, þ.e. sama gjóskulag og sást í könnunarskurði 1 og greint hefur verið sem Veiðivatnagjóska frá 1477 (Magnús Sigurgeirsson 2015, bls. 4–5). Undir gjóskulaginu var torf og brunlag, og þar undir dökk gjóska sem er landnámslagið í bland við Kötlugjósku sem féll á svipuðum tíma (sjá teikningu T_2015-21-8 í viðauka 3) (Magnús Sigurgeirsson 2015, bls. 4–5). Þessi torfhleðsla og brunlag er afar áhugaverð. Vitað er jú að klaustrið brann árið 1429 og gæti því hugsast að þarna sé um að ræða leifar úr þessum bruna. Aðeins einn gripur fannst í neðri torfveggnum en það var járngripur. Þó fannst dýrabein og tönn sem nota mætti til frekari aldursgreininga á neðri byggingunni.



Mynd 4: Snið úr könnunarskurði 2. Þar má sjá öskulag úr byggingu sem hefur brunnið áður en gos varð í Veiðivötnum árið 1477. Sjá má einnig að hún var ekki endurbyggð (ljósm. Scott Riddell).

Ef brunalagið, sem fannst í könnunarskurði 2, er úr klausturbruninum árið 1429, þá hafa byggingar klaustursins verið staðsettar lengra til suðurs en áður hefur verið talið. Þetta brunalag fannst hins vegar ekki í skurði 1 og getur það bent til þess að klausturbyggingarnar hafi verið færðar eftir brunann nær þeim stað þar sem kirkjan stendur nú. Af bréfum í fornbréfasafni má ráða að bruninn árið 1429 hafi valdið straumhvörfum í rekstri klaustursins, því eftir endurbygginguna eflist starfsemi þess til mikilla muna (mynd 4).

Á Þjóðminjasafninu er varðveittur ofinn skór frá Munkaþverá sem talinn er vera úr klausturbruninum árið 1429. Hann fannst í brunalagi á um 180 cm (3 alin) dýpi þegar verið var að steypa vegg í kringum kirkjugarðinn í byrjun 20. aldar. Finnandinn, Stefán Jónsson bóndi á Munkaþverá, segir í bréfi sínu til safnsins að hann hafi áður rekist á brunalag þetta. Brunalagið í könnunarskurði 1 var hins vegar á um eins meters dýpi og það sem kom fram í könnunarskurði 2 á um 140 cm dýpi. Er því hugsanlegt að Stefán hafi komið niður á eldra brunalagið nærri kirkjugarðinum, enda þótt það sé ekki ljóst.

Könnunarskurður 3 var tekinn í hól SA við bæjarhúsin á Munkaþverá (sjá mynd 3). Þar fundust bein og tvær hauskúpur árið 1989 þegar að vatnslögn var lögð á milli fjóss og bæjar. Í ljós kom síðar að mannabein höfðu oftast fundist á þessum stað. Ætlunin var að skera úr um það hvort þarna hefði verið kirkjugarður og hugsanlega tvær kirkjur á klausturtíma. Skurðurinn var 1 x 2 m á stærð og lá í N-S. Svæðið var talið of viðkvæmt til þess að grafa efstu lög skurðsins með gröfunni og var því allt handgrafið. Undir yfirborðslagi var fokmold en í austursniði mátti sjá dökka gjósku úr Heklu sem líklega er frá 1300 in situ (Magnús Sigurgeirsson 2015, bls. 4–5). Þar undir var komið niður á grafir sem voru teknar í gegnum ljósa gjósku sem er úr Heklu 1104 (Magnús Sigurgeirsson 2015, bls. 4–5). Ein gröfin var aftur á móti undir þessu gjóskulagi. Kistuleifar voru í þremur gröfum en í þeim fundust engin bein. Tvö handarbein fundust í grafarfyllingu rétt ofan við kistuleifar í gröf 1. Þau virðast vera úr sama einstaklingnum og fundust saman. Beinin eru úr fullorðnum einstaklingi, líklega karlmanni. Þó er erfitt að segja til um kyn eingöngu út frá handabeinum (Joe W. Walser 2015, bls. 3). Kistuviðurinn var rauðleitur – líklega lerkí – en hann hefur ekki verið greindur frekar.

Ákveðið var að taka annan skurð um 1 metra sunnan við könnunarskurð 3 vegna grafanna sem þar fundust og athuga þar með umfang grafreitsins, þ.e. að athuga hvort um kirkjugarð væri að ræða og hvort að kirkja myndi finnast. Lá könnunarskurður 4 eins og sá fyrri í N-S og var hann 1 x 2 m á stærð. Undir lagi af fokmold var gjóska úr Heklugosi árið 1104, *in situ*. Undir því var komið niður á hreyfðan jarðveg og grafarfyllingar. Undir Heklugjóskunni frá 1104 fundust í sniði tvö mannabein, vinstra upphandleggsbein og vinstra

axlarbein sem líklega eru úr sama einstaklingi, líklega fullorðnum karlmanni (Joe W. Walser 2015, bls. 2). Kistuleifar fundust við þessi bein. Tvær hnéskeljar fundust einnig þarna í grafarfyllingu, ekki langt frá handleggs- og axlarbeinunum. Hnéskeljarnar voru af vinstri og hægri fótleggjum en ekki er hægt að segja með vissu hvort þær tilheyri sama einstaklingnum eða ekki, en þær voru jafn stórar (Joe W. Walser 2015, bls. 3). Loks fannst brotið mannabein grafarfyllingu ofan við kistuleifarnar. Var það vinstra lærbein úr barni undir 6 ára (Joe W. Walser 2015, bls. 2). Því hafa að minnsta kosti tvær grafir verið þar sem könnunarskurður 4 var grafinn, mögulega fleiri.

Grafirnar í könnunarskurðum 3 og 4 voru ýmist teknar fyrir eða eftir árið 1104. Sjá mátti síðan gjóskulag úr Heklu 1300 *in situ* í austursniði könnunarskurðar 3 og lá það yfir gröfunum. Það er því ljóst að jarðað var á þessum stað á klausturtíma. Í suðursniði sama skurðar sést Heklulagið frá 1300 ekki yfir grafarfyllingum og er því möguleiki á að þessar grafir séu teknar eftir 1300. Í könnunarskurði 4 virðist Heklulagið frá 1104 hins vegar liggja yfir einni gröfinni en ekki er útilokað að lagið sé raskað vegna þess hversu rótaður jarðvegurinn er allt í kring. Síðasti könnunarskurðurinn, nr. 5, var tekinn norðan við núverandi kirkju. Skurðurinn var 1 x 3 metrar á stærð og lá í A-V. Í honum fannst engin mannvist.

Niðurstöður

Ljóst er að á bæjarstæði Munkaþverár eru ýmsar minjar í jörðu, allt frá landnámi og til seinni tíma. Í könnunarskurðunum sunnan við kirkju var að finna ýmsar rústir bygginga frá afar löngu tímabili, þ.e. frá því um landnám, frá klausturtíma og eftir klausturtíma. Komið var niður á tvö aðskilin brunalög í skurðunum sem þar voru grafnir (könnunarskurðir 1 og 2) og er annað þeirra frá því fyrir eldgosið í Veiðivötnum árið 1477 og hitt eftir að gosið varð. Líkur eru á að komið hafi verið niður á öskulag úr klausturbrunum árið 1429 í skurði 2 en leifar eftir bæjarbrunann árið 1772 í skurði 1. Virðist sem að klaustrið hafi þá staðið nokkuð lengra til suðurs en áður var talið. Kirkja hefur staðið þar sem núverandi er, frá því um miðja 15. öld. Ágætar líkur eru því á að klausturkirkjan hafi verið endurreist á þessum stað eftir klaustur- og kirkjubrunann árið 1429. Ekki er ljóst hvar fyrri kirkjan stóð en ef marka má umfang kirkjugarðsins sem fannst í könnunarskurðum 3 og 4 sem og mannabeinafundi austan við núverandi fjós staðarins gæti hugsast að klausturkirkjan hafi staðið sunnan við könnunarskurð 2. Vert væri að rannsaka það svæði betur, sem og að kanna umfang kirkjugarðsins.

Heimildaskrá

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1996). *Fornleifaskráning í Eyjafirði V: Fornleifar á syðstu jörðum í Öngulsstaðahreppi og milli Hrafnagils og Grundar í Hrafnagilshreppi*. Akureyri: Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands.

Annálar 1400–1800 I–VI (1922–1961). Hið Íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

Einar Bjarnason (1972). Rúnasteinar og mannfræði. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1971*, bls. 46–78.

Guðrún Harðardóttir (1998). Nokkrar kynslóðir kirkna og klausturhúsa á Munkaþverá. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1996–1997*, bls. 5–42.

Islandske Annaler indtil 1578 (1888). Christiania: Gustaf storm.

Íslenzkt fornbréfasafn V (1899–1902). Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn VI (1900–1904). Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn XV (1947–1950). Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag.

Jakob J. Jónsson (1874). *Bréf 12. júní 1874 til Sigurðar málara Guðmundssonar*. Nr. SG02-53. Sarpur.is

Janus Jónsson (1887). Um klaustrin á Íslandi. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, bls. 174–265.

Joe W. Walser III (2015). *Report on human remains from Munkaþverá*. Kortlagning klaustra á Íslandi, skýrsla nr. XIV. Sótt af slóðinni: https://hi.is/~sjk/MUNHUM_2015.pdf

Ljósveitingasaga. Sótt af slóðinni <http://www.snerpa.is/net/isl/ljosvetn.htm> Munkaþverá, 201 þann 11. desember 2015.

Magnús Sigurgeirsson (2015). *Klausturrannsóknir sumarið 2015. Gjóskulagarannsókn*. Sótt af slóðinni: https://hi.is/~sjk/GOS_2015.pdf

Margrét Hallgrímsdóttir (1991). Rannsóknir í Viðey. Vaxspjöld frá 15. öld finnast við uppgröft rústa Viðeyjarklausturs. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, bls. 91–132.

Munkaþverá (2015). Sótt þann 30. nóvember 2015 af http://nat.is/travelguide/ahugav_st_-_munkathvera.htm

Þjskjs. Skjs. umboðanna. Munkaþverárklostur IX, 1 Skjöl Munkaþverárkirkju 1721.

Þórgunnur Snædal (2003). Rúnaristur á Íslandi. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2000–2001*, bls. 5–68.

Viðaukar

1. Fundaskrá

Dags.	Nr.	Fundur	Efni	Svæði T.lag		J -lag	Skráð af	Ath.
24.6. 2015	2015-21-1	skósóli	leður	TP1	T1		HJH	lá ofan á steini rúnnaður 15 cm langur, 8,3 cm breiður, 0,4 cm þykkur
24.6. 2015	2015-21-2	sleggja	steinn	TP1		55 cm dýpi	HJH	lítil brotin sleggja
24.6. 2015	2015-21-3	brenndur viður	viður	TP1		90-100 cm dýpi	HJH	brenndur, unninn viður
24.6. 2015	2015-21-4	brenndur viður	viður	TP1		100 cm dýpi	HJH	brenndur, unninn viður
24.6. 2015	2015-21-5	krítarpípa	leir	TP1		100 cm dýpi	HJH	skreyttur krítarpípuleggur
24.6. 2015	2015-21-6	sýni í poka	gjóska	TP1		50 cm dýpi	HJH	hugsanlega V 1477 gosið
24.6. 2015	2015-21-7	sýni í poka	gjóska	TP1		50 cm dýpi	HJH	
24.6. 2015	2015-21-8	sýni í poka	gjóska	TP1		55 cm dýpi	HJH	í torfi hugsanlega
24.6. 2015	2015-21-9	sýni í poka	gjóska	TP1		55 cm dýpi	HJH	í torfi hugsanlega
24.6. 2015	2015-21-10	sýni í poka	gjóska	TP1		120 cm dýpi	HJH	"in situ"
24.6. 2015	2015-21-11	sýni í poka	ljós gjóska	TP1		125 cm dýpi	HJH	
24.6. 2015	2015-21-12	sýni í poka	jökulleir	TP1		botn skurðar	HJH	
24.6. 2015	2015-21-13	keramik	leir	TP2	T1		SR	rauðleirsbrot fundið í efri vegg
24.6. 2015	2015-21-14	brýni	steinn	TP2	T1		SR	úr efri vegg
24.6. 2015	2015-21-15	gjall	gjall	TP2	T1		SR	úr efri vegg
24.6. 2015	2015-21-16	dýrabein	bein	TP2	T1		SR	efri veggur- 7 brot af dýrabeinum
24.6. 2015	2015-21-17	dýrakjálki og tennur	bein	TP2	T1		SR	efri veggur
24.6. 2015	2015-21-18	keramik	hvítleir	TP2	T1		SR	úr efri vegg- brot m hvítum glerjungi
24.6. 2015	2015-21-19	kúlulaga	steinn	TP2	T1		SR	úr efri vegg

2015		steinn						
24.6. 2015	2015-21-20	járngripur	járn	TP2	T1		SR	neðri veggur
24.6. 2015	2015-21-21	dýrabein og tönn	bein	TP2	T1		SR	neðri veggur
24.6. 2015	2015-21-22	gjóskusýni í poka	gjóska	TP2	T1		SR	dökk gjóska
24.6. 2015	2015-21-23	gjóskusýni í poka	gjóska	TP2			SR	V1477?
24.6. 2015	2015-21-24	jökulleir sýni	leir	TP2			SR	
25.6. 2015	2015-21-25	mannabein	bein	TP3			HJ	2 stk handarbein 88 cm dýpi
25.6. 2015	2015-21-26	dýratönn	tönn	TP3			HJ	fylling í gröf 1
25.6. 2015	2015-21-27	kistusýni	viður	TP3			HJ	nyrðri langhlið kistu í gröf 1
25.6. 2015	2015-21-28	kistusýni	viður	TP3			HJ	syðri langhlið kistu í gröf 1
25.6. 2015	2015-21-29	kistusýni	viður	TP3			HJ	vestri kistugafli í gröf 1
25.6. 2015	2015-21-30	viður	viður	TP3			HJ	unnin viður á 88 cm dýpi, hugsanlega úr kistu
25.6. 2015	2015-21-31	gjóskusýni í poka	ljós gjóska	TP3	T1		HJ	úr hreyfðri mold á 70 cm dýpi
25.6. 2015	2015-21-32	gjóskusýni í poka	gjóska	TP3			HJ	
25.6. 2015	2015-21-33	gjóskusýni í poka	ljós gjóska	TP3			HJ	stór flekkur af ljósri gjósku, mynd tekin
25.6. 2015	2015-21-34	gjóskusýni í poka	dökk gjóska	TP3			HJ	flekkur-mynd tekin, 88 cm dýpi
26.6. 2015	2015-21-35	mannabein	bein	TP4		suðursnið	HJH	upphandleggur og herðablað L. Scapula og L. Humerus
26.6. 2015	2015-21-36	mannabein	bein	TP4		suðursnið	HJH	2 hnéskeljar, 3 brot af beinum
26.6. 2015	2015-21-37	mannabein	bein	TP4		norðursnið	HJH	barnsbein, L. Femur; upphandleggsbein
26.6. 2015	2015-21-38	viður	viður	TP4	T3		HJH	
26.6. 2015	2015-21-39	kistusýni	viður	TP4			HJH	í suðurenda prufuskurðar

26.6. 2015	2015-21-40	kistusýni	viður	TP4			HJH	í suðurenda prufuskurðar
26.6. 2015	2015-21-41	kistulok sýni	viður	TP4			HJH	í suðurenda prufuskurðar
26.6. 2015	2015-21-42	gjóskusýni í poka	gjóska	TP4	T4		HJH	dökk gjóska
26.6. 2015	2015-21-43	gjóskusýni í poka	gjóska	TP4	T2		HJH	ljósleit gjóska (1362?)
26.6. 2015	2015-21-44	gjóskusýni í poka	gjóska	TP4			HJH	49 cm dýpi kl. 13:30
26.6. 2015	2015-21-45	dýrabein	bein	TP4	T1		HJH	mörg bein saman eitt hugsanlega mannabein
26.6. 2015	2015-21-46	keramik	leir/hvít leir	TP4	T2		HJH	3 brot
26.6. 2015	2015-21-47	viður	viður	TP4	T3		HJH	mörg brot
26.6. 2015	2015-21-48	sleggja	steinn	Lausa- fundur			HJH	lausafundur norðan kirkjugarðs
26.6. 2015	2015-21-49	draglóð/ sökka	steinn	Lausaf- undur			HJH	lausafundur norðan kirkjugarðs

2. Jarðlagaskrár

STAÐUR: Munkaþverá

VERKEFNISNÚMÉR: KLI-2014-21

LEYFISNÚMÉR: 2015050057

SKURÐUR: K1

Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Þykkt cm	Sýni	Annað	Dags.
	J1	Möl- Malarstígur	30-50			24.6.2015
T1		Torf	30-40	2015-21-6, 7, 8 og 9		24.6.2015
-		Rótað torf	30-40			24.6.2015
T3		Brunalag	2-20	2015-21-3 og 4		24.6.2015
		Mjög lagskipt góflög og móöskulög	20-30			24.6.2015
		Dökkt gjóskulag	5-10	2015-21-10		24.6.2015
		Torf	40-60			24.6.2015

STAÐUR: Munkaþverá

VERKEFNISNÚMÉR: KLI-2014-21

LEYFISNÚMÉR: 2015050057

SKURÐUR: K2

Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Þykkt cm	Sýni	Annað	Dags.
	J1	Yfirborðslag	30-40			24.6.2015
T1, T2	J2	Rótað lag	80-90			24.6.2015
	J3	Dökk gjóska	5	2015-21- 23?		24.6.2015
	J4	Brunalag	2-8			24.6.2015
	J5	Torf	60-70			24.6.2015
	J6	Súr Heklugjóska	10	2015-21- 24		24.6.2015

STAÐUR: Munkaþverá
VERKEFNISNÚMER: KLI-2014-21
LEYFISNÚMER: 2015050057
SKURÐUR: K3


Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Þykkt cm	Sýni	Annað	Dags.
	J1	Yfirborðslag + fokmold	30-40			25.6.2015
	J2	Dökk gjóska	1-3			25.6.2015
T1	J3	Grafarfylling - Gröf 1	80			25.6.2015
T1	J4	Grafarfylling - Gröf 2	70			25.6.2015
T1	J5	Ljós gjóska	10			25.6.2015
	J6	Dökk gjóska	1-2			25.6.2015
	J7	Gulleit gjóska- H3	2-5	2015-21-31?		25.6.2015
	J8	Óhreyft				25.6.2015

STAÐUR: Munkaþverá
VERKEFNISNÚMER: KLI-2014-21
LEYFISNÚMER: 2015050057
SKURÐUR: K4


Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Þykkt cm	Sýni	Annað	Dags.
	J1	Yfirborðslag	30-40			25.6.2015
	J2	Fokmold	15-20			25.6.2015
	J3	Ljós gjóskulag	3-5			25.6.2015
	J4	Grafarfylling	20			25.6.2015
	J5	Óhreyft				26.6.2015

3. Teikningar


Munkaþverá
T_2015-21-2
Könnunarskurður 1
Flatarteikning - Teiknilag 1




Munkaþverá
T_2015-21-9
Könnunarskurður 1
Flatarteikning - Teiknilag 2




Munkaþverá
T_2015-21-6
Könnunarskurður 1
Norðursnið




Munkaþverá
T_2015-21-7
Könnunarskurður 1
Vestursnið




Munkaþverá
T_2015-21-10
Könnunarskurður 2
Flatarteikning - Teiknilag 1




Munkaþverá
T_2015-21-11
Könnunarskurður 2
Flatarteikning - Teiknilag 2




Munkaþverá
T_2015-21-12
Könnunarskurður 2
Flatarteikning - Teiknilag 3




Munkaþverá
T_2015-21-8
Könnunarskurður 2
Norðursnið




Munkaþverá
T_2015-21-13
Könnunarskurður 3
Flatarteikning - Teiknilag 1




Munkaþverá
T_2015-21-14
Könnunarskurður 3
Flatarteikning - Teiknilag 2




Munkaþverá
T_2015-21-4
Könnunarskurður 3
Austursnið




Munkaþverá
T_2015-21-5
Könnunarskurður 3
Suðursnið



Munkaþverá
T_2015-21-1
Könnunarskurður 4
Flatarteikning - Teiknilag 1



Munkaþverá
T_2015-21-3
Könnunarskurður 4
Suðursnið



4. Ljósmyndaskrá

Ljósmyndaskrá						
Rannsóknastaður	Munkaþverá					
Leyfisnúmer	2015050057					
Safnnúmer	2015-21					
Leyfisnúmer	Heiti	Dagsetning	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Athugasemdir
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_01	24.6.2015	Minnismerki um Jón Arason	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_02	24.6.2015	Girðing umhverfis minnismerki		HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_03	24.6.2015	Girðing umhverfis minnismerki	ANA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_04	24.6.2015	Hestasteinn í kirkjugarði	NA	HJ	Fannst í grunni kirkju þegar grafið var inn í henni skv. Sókarnefndarformanni
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_05	24.6.2015	Svæði f. norðan kirkjugarð	NV	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_06	24.6.2015	Svæði f. norðan kirkjugarð	NA	HJ	Lækjarfarvegur fremst
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_07	24.6.2015	Upplýsingaskilti	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_08	24.6.2015	Upplýsingaskilti	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_09	24.6.2015	Gata milli kirkju og minnismerkis	A	HJ	Steinunn, Scott og Hermann
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_10	24.6.2015	Suðausturstólpi minningarreits	SA	HJ	Sést í íbúðarhús
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_11	24.6.2015	Gamla bæjarhellan og Fiskasteinn	A	HJ	Sést í gömlu útihúsin

2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_12	24.6.2015	Kristján á gröfunni mættur	V	HJ	Steinunn og Hermann
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_13	24.6.2015	TP1 tekinn	NV	HJ	Gata milli kirkju og minningarreits
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_14	24.6.2015	TP1 tekinn	V	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_15	24.6.2015	TP1 tekinn	V	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_16	24.6.2015	TP2 tekinn f. sunnan minningarreit	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_17	24.6.2015	TP2 tekinn f. sunnan minningarreit		HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_18	24.6.2015	TP1 sést í skó ofan á steini	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_19	24.6.2015	TP1 sést í skó ofan á steini	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_20	24.6.2015	TP1 sést í skó ofan á steini	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_21	24.6.2015	TP1 sést í skó ofan á steini	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_22	24.6.2015	TP1 Jarðlag 1	NA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_23	24.6.2015	TP1 Jarðlag 1-NA horn+brunalag	NA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_24	24.6.2015	TP1 Jarðlag 1-NA horn+brunalag	NA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_25	24.6.2015	TP1 Jarðlag 1 í austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_26	24.6.2015	TP1 Jarðlag 1 í austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_27	24.6.2015	TP1 Jarðlag 1 vestursnið	V	HJ	

2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_28	24.6.2015	TP1 NA horn norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_29	24.6.2015	TP2 N-snið Jarðlag 1	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_30	24.6.2015	TP2 N-snið Jarðlag 1	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_31	24.6.2015	TP2 plan Jarðlag 1	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_32	24.6.2015	TP2 plan Jarðlag 1	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_33	24.6.2015	TP2 plan og norðursnið Jarðlag 1	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_34	24.6.2015	TP2 plan og norðursnið Jarðlag 1	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_35	24.6.2015	TP2 plan og norðursnið Jarðlag 1	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_36	24.6.2015	TP2 steinar úr Jarðlagi 1	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_37	24.6.2015	TP2 Jarðlag 2	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_38	24.6.2015	TP2 Jarðlag 2	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_39	24.6.2015	TP2 Jarðlag 2	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_40	24.6.2015	TP2 Jarðlag 2	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_41	24.6.2015	Scott, grafa og TP2	SA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_42	24.6.2015	TP2 Jarðlag 2+frárennsliör	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_43	24.6.2015	TP2 Jarðlag 2+frárennsliör	S	HJ	

2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_44	24.6.2015	TP2 Jarðlag 2+frárennslisrör	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_45	24.6.2015	TP2 Jarðlag 2+frárennslisrör	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_46	24.6.2015	TP2 Jarðlag 2+frárennslisrör	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_47	24.6.2015	TP2 Jarðlag 2+frárennslisrör	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_48	24.6.2015	TP2 Jarðlag 2+plan og norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_49	24.6.2015	TP2 Jarðlag 2+plan og norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_50	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_51	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3	NA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_52	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3-suðursnið	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_53	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3-suðursnið	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_54	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3-norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_55	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3	V	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_56	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3	V	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_57	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3	V	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_58	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3	V	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_59	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3	S	HJ	

2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_60	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_61	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3	V	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_62	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3 plan	V	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_63	24.6.2015	TP2 norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_64	24.6.2015	TP2 norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_65	24.6.2015	TP2 norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_66	24.6.2015	TP2 norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_67	24.6.2015	TP2 norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_68	24.6.2015	TP2 norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_69	24.6.2015	TP2 norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_70	24.6.2015	TP2 norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_71	24.6.2015	TP2 norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_72	24.6.2015	Hundurinn Krummi	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_73	24.6.2015	Hádegishlé Munkaþverá	NA	HJ	Scott, Steinunn, Kristján, Hermann og Krummi
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_74	24.6.2015	Hermann í TP1	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_75	24.6.2015	Scott í TP2	N	HJ	

2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_76	24.6.2015	Kirkjugarður; Munkaþverárreitur	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_77	24.6.2015	Kirkjugarður, SV hlið	V	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_78	24.6.2015	Munkaþverárkirkja	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_79	24.6.2015	TP1 Hermann myndar N-snið	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_80	24.6.2015	TP1-norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_81	24.6.2015	TP1-norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_82	24.6.2015	TP1-norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_83	24.6.2015	TP1-norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_84	24.6.2015	TP1-norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_85	24.6.2015	TP1-norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_86	24.6.2015	TP1-norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_87	24.6.2015	TP1-norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_88	24.6.2015	TP1-norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_89	24.6.2015	TP1-norðursnið	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_90	24.6.2015	TP1-vestursnið	V	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_91	24.6.2015	TP1-vestursnið	V	HJ	

2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_92	24.6.2015	TP1-vestursnið	V	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_93	24.6.2015	TP1-vestursnið	V	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_94	24.6.2015	TP1-vestursnið	V	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_95	24.6.2015	TP1-vestursnið	V	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_96	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3 Sýnatökustaðir	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0624_HJ_97	24.6.2015	TP1 Jarðlag 3 Sýnatökustaðir	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_98	25.6.2015	TP3 ákveðinn	NV	HJ	Scott og Hermann
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_99	25.6.2015	TP3 hreyft gjóskulag	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_100	25.6.2015	TP3 hreyft gjóskulag	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_101	25.6.2015	TP3 mokaður	SV	HJ	Steinunn, Hermann og Scott
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_102	25.6.2015	TP3 mokaður	SV	HJ	Hermann, Steinunn og Scott
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_103	25.6.2015	bæjarlækurinn Munkaþverá	NA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_104	25.6.2015	trjálundur Munkaþverá	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_105	25.6.2015	bæjargil Munkaþverá	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_106	25.6.2015	Scott tekur sýni í TP4	A	HJ	Krummi hundur í baksýn
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_107	25.6.2015	Hringur Vísa-Gísla	SV	HJ	

2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_108	25.6.2015	Hringur Vísa-Gísla	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_109	25.6.2015	Horft í suður yfir svæði TP3 og TP4	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_110	25.6.2015	hleðslur f. austan bæjarhús	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_111	25.6.2015	hleðslur f. austan bæjarhús	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_112	25.6.2015	TP3 Jarðlag 1 suðurendi	S	HJ	Sést í kistuvið
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_113	25.6.2015	TP3 Jarðlag 1 suðurendi	S	HJ	Sést í kistuvið
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_114	25.6.2015	handarbein sem var laust í TP3	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_115	25.6.2015	kistuviður í suðurenda TP3	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_116	25.6.2015	kistuviður í suðurenda TP3	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_117	25.6.2015	skurður í plani TP3	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_118	25.6.2015	skurður í plani TP3	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_119	25.6.2015	skurður í plani TP3	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_120	25.6.2015	skurður í plani TP3	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_121	25.6.2015	kýrnar á Munkaþverá	SA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_122	25.6.2015	TP4 tekinn (ekki rétt tímaröð)	S	HJ	Hermann og Scott
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_123	25.6.2015	TP3 norðurendi-gröf	A	HJ	

2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_124	25.6.2015	TP3 norðurendi-gröf	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_125	25.6.2015	TP3 norðurendi-gröf	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_126	25.6.2015	TP3 norðurendi-gröf	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_127	25.6.2015	TP3 norðurendi-gröf	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_128	25.6.2015	TP3 norðurendi-gröf	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_129	25.6.2015	TP3 norðurendi-gröf	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_130	25.6.2015	TP3 norðurendi-gröf	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_131	25.6.2015	TP3 Gröf 1 með kistu	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_132	25.6.2015	TP3 Gröf 1 með kistu	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_133	25.6.2015	TP3 Gröf 1 með kistu	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_134	25.6.2015	TP3 Gröf 1 með kistu	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_135	25.6.2015	TP3 Gröf 1 með kistu	N	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_136	25.6.2015	Scott í TP4	SA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_137	25.6.2015	Hermann og Steinunn við TP4	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_138	25.6.2015	TP4 suðurendi Jarðlag 4	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_139	25.6.2015	TP4 suðurendi Jarðlag 4	A	HJ	

2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_140	25.6.2015	TP4 J4 spjald	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_141	25.6.2015	TP4 J4 suðurendi	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_142	25.6.2015	TP4 J4 suðurendi	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_143	25.6.2015	TP4 norðurör	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_144	25.6.2015	TP4 norðurendi	NA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_145	25.6.2015	TP4 norðurendi	NA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_146	25.6.2015	TP4 norðurendi	NA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_147	25.6.2015	TP4 austurhlið	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_148	25.6.2015	TP4 austurhlið	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_149	25.6.2015	TP spjald	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_150	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_151	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_152	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_153	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_154	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_155	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	

2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_156	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_157	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_158	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_159	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_160	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_161	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_162	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_163	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_164	25.6.2015	TP4 snið austur	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_165	25.6.2015	TP4 suðursnið	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_166	25.6.2015	TP4 suðursnið spjald	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_167	25.6.2015	TP3 austursnið	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_168	25.6.2015	TP3 austursnið	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_169	25.6.2015	TP3 austursnið	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_170	25.6.2015	TP3 austursnið	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_171	25.6.2015	TP3 austursnið	A	HJ	

2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_172	25.6.2015	TP3 austursnið	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_173	25.6.2015	TP3 austursnið	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_174	25.6.2015	TP3 austursnið	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_175	25.6.2015	TP3 austursnið	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_176	25.6.2015	TP3 austursnið með kistuleifum	A	HJ	"in situ" kistuleifar
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_177	25.6.2015	TP3 austursnið með kistuleifum	A	HJ	"in situ" kistuleifar
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_178	25.6.2015	TP3 austursnið með kistuleifum	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_179	25.6.2015	TP3 austursnið með kistuleifum	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_180	25.6.2015	TP3 austursnið með kistuleifum	A	HJ	Sést í 2 grafir með kistum
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_181	25.6.2015	TP3 austursnið með kistuleifum	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_182	25.6.2015	TP3 austursnið með kistuleifum	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_183	25.6.2015	TP3 austursnið með kistuleifum	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_184	25.6.2015	TP3 suðursnið	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_185	25.6.2015	TP3 suðursnið	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_186	25.6.2015	TP3 spjald	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_187	25.6.2015	TP3 spjald	S	HJ	

2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_188	25.6.2015	yfirlitsmynd TP3 austursnið	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_189	25.6.2015	yfirlitsmynd TP3 austursnið	A	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_190	25.6.2015	vinna við TP3 og TP4	NA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_191	25.6.2015	TP4 suðursnið	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_192	25.6.2015	TP4 suðursnið	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_193	25.6.2015	TP4 suðursnið	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_194	25.6.2015	TP4 suðursnið bein sést t.h.	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_195	25.6.2015	TP4 suðursnið bein sést t.h.	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_196	25.6.2015	TP4 suðursnið bein sést t.h.	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_197	25.6.2015	TP4 suðursnið bein sést t.h.	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_198	25.6.2015	TP4 suðursnið bein sést t.h.	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_199	25.6.2015	TP4 suðursnið bein sést t.h.	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_200	25.6.2015	TP4 suðursnið bein sést t.h.	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_201	25.6.2015	TP4 suðursnið bein sést t.h.	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_202	25.6.2015	TP4 suðursnið bein sést t.h.	S	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0625_HJ_203	26.6.2015	Hermann grefur gröf í TP4	SA	HJ	

2015050057	Munkaþverá_2015 0626_HJ_204	26.6.2015	Hermann grefur gröf í TP4	SA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0626_HJ_205	26.6.2015	Hermann grefur gröf í TP4	SA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0626_HJ_206	26.6.2015	Hermann grefur gröf í TP4	SA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0626_HJ_207	26.6.2015	Hermann grefur gröf í TP4	SA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0626_HJ_208	26.6.2015	Hermann grefur gröf í TP4	SA	HJ	
2015050057	Munkaþverá_2015 0626_HJ_209	26.6.2015	Hermann grefur gröf í TP4	SA	HJ	

5. Kort af miðaldaklaustrunum

